

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frístundabyggð í landi Austureyjar og Böðmódsstaða í Laugardal, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 20 ha frístundabyggðarsvæði í landi Austureyjar breytist í opin svæðið til sérstakra nota og um 1 ha frístundasvæði í landi Böðmódsstaða breytist í landbúnaðarsvæði, hvort tveggja til samræmis við núverandi landnotkun.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. október 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 9. nóvember 2007